



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 46. fundur**  
**haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 25. nóvember 2015**  
**og hófst kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Zophonías Ari Lárusson,  
Guðmundur Haukur Jakobsson,  
Oddný María Gunnarsdóttir  
Arnar Þór Sævarsson

**Fundargerð ritaði:** Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósþæjar

**Dagskrá:**

**1. Fjárhagsáætlun 2016 - tíundi fundur - 1511035**

*Jens P. Jensen, aðalgjaldkeri Blönduósþæjar, sat fundinn undir þessum lið.  
Umræður urðu um fjárhagsáætlun 2016. Sveitarstjóra falið að gera breytingar á  
fjárhagsáætlun 2016 sem ræddar voru á fundinum.*

**2. Fundargerð stjórnar Veiðifélags Blöndu og Svartár - 18. nóvember 2015 – 1511034**

*Fundargerð stjórnar Veiðifélags Blöndu og Svartár lögð fram til kynningar.*

**3. Beiðni um styrk til samstarfsvekefnisins "Bændur græða landið" vegna ársins 2015 – 1511031**

*Beiðni um styrk til samstarfsvekefnisins "Bændur græða landið" vegna ársins 2015.*

*Byggðaráð samþykkir erindið.*

**4. Byggðakvóti 2015/2016 – 1509010**

*Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið hefur móttakið bréf yðar dags. 10.nóvember 2015 með tillögum að breytingum á reglugerð nr. 605/2015 vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016. Ráðuneytið hefur tekið afstöðu til óska um sérreglur fyrir Blönduós og getur fallist á þær allar utan lokamálsgreinar í tillögunum, en það er ósk um undanþágu frá tvöföldunarskyldunni samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, í staðinn verði löndunarskylda einföld í stað tvöföld.*

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Fundargerð Hafnarsambands Íslands dags. 16. nóvember 2015 - 1511030**

*Fundargerð Hafnarsambands Íslands dags. 16. nóvember 2015 lögð fram til kynningar.*



**6. Önnur mál -**

**Fundarboð - almennur félagsfundur í veiðifélagi Blöndu og Svartár - 1511037**

*Boðað er til félagsfundar í Veiðifélagi Blöndu og Svartár fimmtudaginn 3. desember n.k. kl. 20:30.*

*Byggðaráð samþykkir að Guðmundur Haukur Jakobsson mætir fyrir hönd Blönduósbæjar.*

Að loknum fundi fór byggðaráð í heimsókn á Héraðsbókasafnið.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____